

STARFSÁÆTLUN 2015

INNGANGUR

Stjórnkerfis og lýðræðisráð ásamt erindreka gagnsæis og samráðs ber, samkvæmt samþykktum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, að vinna starfsáætlun í stjórnkerfis og lýðræðismálum borgarinnar. Ráðið fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyrja og á áætlunin að endurspeglar áherslur ráðsins. Tilgangurinn með áætluninni er að forgangsraða verkefnum en hún á einnig að nýtast sem tæki til að fylgjast með framvindu verkefna.

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð starfar í umboði borgarráðs samkvæmt samþykkt í borgarstjórn frá 2. september 2014. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyrja undir verksvið þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð eða borgarstjóri kunna að fela því. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar

FULLTRÚAR Í STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐI KOSNIR 16. JÚNÍ 2014

AÐALMENN

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarasdóttir

Hilmar Sigurðsson

Heiða Björg Hilmisdóttir

Björn Gíslason

Stefán Þór Björnsson

VARAFULLTRÚAR

Viktor Orri Valgarðsson

Kári Sævarsson

Stefán Rafn Sigurbjörnsson

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir

Kjartan Magnússon

Áslaug María Friðriksdóttir


Guðjón Ebbi Guðjónsson

HELSTU VERKEFNI

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð fer með það verkefni að yfirfara stjórnkerfi Reykjavíkurborgar með það að markmiði að gera það einfaldara og markvissara eftir

Því sem nánar segir til um í samþykkt þessari. Ráðið fer einnig með það verkefni að efla lýðræði í stjórnkerfinu, gera samráð vandaðra og auka þátttöku borgarbúa. Þá fer stjórnkerfis- og lýðræðisráð með það verkefni að auka aðgang að upplýsingum og gera þjónustu við borgarbúa skilvirkari, markvissari og sýnilegri. Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur stjórnkerfis- og lýðræðisráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

- Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði stjórnkerfisbreytinga.
- Hefur frumkvæði að tillögum til borgarráðs um breytingar á stjórnkerfinu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um eflingu íbúalýðræðis og aukið samráð og þátttöku borgarbúa.
- Gerir tillögur til borgarráðs um aukið gagnsæi stjórnsýslunnar.
- Gerir tillögur til borgarráðs um eflingu hverfaráða og hverfaþjónustu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um átök í rafrænni þjónustu við borgarbúa.



ERINDREKI GAGNSÆIS OG SAMRÁÐS

Erindreki gagnsæis og samráðs á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vinnur með stjórnkerfis- og lýðræðisráði að verkefnum þess. Hann ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR 2015

Helstu markmið og aðgerðir stjórnkerfis- og lýðræðisráðs má sjá hér í töflunni. Markmið og aðgerðir til að ná þeim eru flokkuð í þrjá flokka.

FLOKKAR VERKEFNA

- S: Stjórnkerfi
- L: Lýðræði og samráð
- G: Gagnsæi

Ath. aðeins punktar til umræðu á fundi:

Flokkur	Markmið	Aðgerð
L	Auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku í borgarmálum	Endurskoðun á framkvæmd Betri Reykjavíkur og Betri hverfa
L	Auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku í borgarmálum	Framkvæmd Betri Reykjavíkur 2015.
L	Auka þátttöku almennings í ákvarðanatöku í borgarmálum	Undirbúningur að framkvæmd Betri hverfa 2016.
G	Skýr stefna borgarinnar í upplýsingamálum með gagnsæi í forgrunni	Endurskoðun upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar
G	Aukið gagnsæi	Opnun rafrænnar gagnagáttar um fjármál Reykjavíkurborgar.
G	Aukið gagnsæi	Ný og skýr framsetning á fjárhagsupplýsingum borgarinnar með Qlik View hugbúnaði
S	Stjórnkerfisbreytingar séu markvissar og til einföldunar	Stefna í úttektum á stjórnkerfisbreytingum. Hvenær og hvernig á að meta breytingar sem gerðar eru á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Til verði vitneskja sem nýtist markvisst við aðrar stjórnkerfisbreytingar
L	Auka samráð	Opinn fundur ráðsins a.m.k. einu sinni á ári
G	Aukið gagnsæi	Starfsreglur Reykjavíkurborgar um meðferð persónuupplýsinga.
S, L	Skýrt stjórnkerfi, aukið íbúalýðræði og samráð	Tillögur að auknu og skýru hlutverki hverfisráða
L	Auka samráð við ákvarðanatöku	Kynna fyrir sviðum hvaða möguleikar eru fyrir hendi varðandi samráð. Útbúin verði n.k. „Samráðs-verkfærakista“ (eða samráðsstefna). Tenging við gæðamál.
L	Auka samráð við ákvarðanatöku	Aðstoða svið við framkvæmd á samráði
L	Auka þátttöku almennings í lýðræðismálum	Tillögur að aðgerðum til að auka kjörsókn
L	Auka þátttöku ungmenna í lýðræðis- og samráðsverkefnum	Tillögur að aðgerðum til að auka vitund og áhuga ungmenna á lýðræði